

# STJÓRNARTÍÐINDI B 27 — 1988

---

28. apríl 1988

507

Nr. 207

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku nr. 522  
og hitaveitur nr. 525, 27. nóvember 1987.**

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 66 31. maí 1976 um Orkubú Vestfjarða, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku og hitaveitur til að öðlast gildi 1. maí 1988:

Allir liðir gjaldskrána hækki um ..... 2,7%

*Iðnaðarráðuneytið, 28. apríl 1988.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

22. apríl 1988

Nr. 208

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 201/1981 um iðgjald til slysátrygginga  
skv. 36. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.**

1. gr.

3. gr. hljóði svo:

„Iðgjald álagt árið 1988 skal nema 0,23% af gjaldastofni samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 142/1987.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. apríl 1988.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*